

SPÍTALAPÚLSINN

FEBRÚAR 2025



Einbeitingin skín úr augum Eddu Traustadóttur deildarstjóra og Hjalta Guðmundssonar hjartasérfræðings í miðri þræðingu á hjarta- og æðapræðingastofu Landspítala við Hringbraut. Nánar er fjallað um starfsemi hjarta- og æðapræðingastofa inni í blaðinu.

Leiðir til hagræðingar



Runólfur Pálsson
Forstjóri Landspítala

Það er ánægjulegt að vera kominn aftur til starfa á nýju ári eftir stutt veikindaleyfi í kjölfar aðgerðar sem ég gekkst undir hér á Landspítala í byrjun desember. Verkefni eru enda ærin.

Ný ríkisstjórn er tekin við og eitt af því fyrsta sem hún setti á oddinn var að leita leiða við að ná fram hagræðingu í opinberum rekstri. Heilbrigðismál eru stærsti einstaki útgjaldaliður ríkisins

og við hjá Landspítala lögðum vinnu ríkisstjórnarinnar lið með rökstuddum tillögum um leiðir til hagræðingar.

Landspítali vakti m.a. athygli á möguleikum til sameininga stofnana með það fyrir augum að efla opinbera heilbrigðisþjónustu samhliða því að hagræða í ríkisrekstri.

Með sameiningu stofnana væri hægt að ná fram umtalsverðri hagræðingu með samnýtingu innviða en heilbrigðisstofnanir ríkisins viðhalda allar umfangsmiklum innviðum og stoðþjónustu. Undir þær falla starfsmannahald og samræmd

starfsþróun, gæðastjórnun, fjármálastjórn og áætlanagerð, þróun stafrænna kerfa, þjónustumiðstöð vegna tölvukerfa, innkaup, viðhald fasteigna og lögræðiþjónusta svo eitthvað sé nefnt. Með sameiningu stofnana yrði umrædd stoðþjónusta miðlæg og ætti það að leiða til töluverðs sparnaðar fyrir tilstilli stærðarhagkvæmni og samræmingar. Enn fremur felast veruleg tækifæri í sameiningu rekstrarinnviða með áherslu á framleiðslustýringu sem og nýtingu rannsóknarinnviða sem ætti að hafa í för með sér aukna skilvirkni við framkvæmd þjónusturannsóknna.

Framhald á næstu síðu. ►



► Lítil vafi leikur á að íslenska heilbrigðisþjónustan er of brotarkennd og að yfirsýn skortir. Auk þess að koma niður á aðgengi og samfellu þjónustunnar þá er hætt við að nýting úrræða og fjármagns sé ómarkviss og leiði til þjónustubrests og sóunar. Nauðsynlegt er því að okkar mati að komið verði á samhæftri stjórnun heilbrigðisþjónustunnar á landsvísu. Það ætti að gefa kost á skynsamlegri nýtingu

úrræða, markvissari verkaskiptingu, betri þjónustu og aukinni hagkvæmni. Líklegt er að þessi nálgun muni skapa möguleika á réttlátri forgangsörðun og má nefna miðlæga umsjón biðlista eftir þjónustu í því samhengi. Þá ætti að skapast grundvöllur fyrir umbætur í skipulagi þjónustu við aldræða af hálfu heilsugæslu og sjúkrahúsa í samstarfi við félagsþjónustu.

Sameining heilbrigðisstofnana myndi án efa einfalda skipulag og stjórnun heilbrigðisþjónustunnar.

Spennandi verður að sjá afrakstur hagræðingarvinnu ríkisstjórnarinnar en ljóst er að ekki mun standa á Landspítala þegar kemur að því að vinna að hugmyndum um að nýta betur opinbert fjármagn og bæta skipulag heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Krabbameinsmeðferðir færast heim




Halldóra Hálfánardóttir
Forstöðuhjúkrunarfræðingur

Mánudaginn 27. janúar fór af stað verkefni innan krabbameinsþjónustu Landspítala sem hafði vinnuheitid Hospital@Home, að erlendri fyrirmynd, en við höfum nefnt Heimaspítala Krabbameinsþjónustu.

Við höfum öll heyrt spár sem gefnar hafa verið út þar sem við reiknum með gífurlegri aukningu á greiningum krabbameina. Ástæðan er margþætt en má þar nefna að þjóðin er að eldast og framfarir innan heilbrigðisþjónustunnar hafa verið miklar og þar eru meðferðir við krabbameinum ekki undanskildar. Niðurstaðan er sú að það eru fleiri lifandi hverju sinni sem hafa greinst með krabbamein og í stað þess að vera hinn lífsógnandi sjúkdómur sem krabbamein hafa verið í gegnum tíðina er hann í mörgum tilfellum orðinn langvinnur sjúkdómur sem fólk lifir með til fjölda ára. Þetta leiðir til þess að við verðum að endurhugsa hvernig við mætum þessum breyttu þörfum. Sumir munu þurfa sjúkrahúsinnlagnir, aðrir göngudeildarþjónustu og enn aðrir geta verið heima í eftirliti, ýmist með fjarvöktun eða vitjunum.

Heimaspítali gæti stytta legur og komið í veg fyrir innlagnir

Það er komin áralöng reynsla af heimaþjónustu innan líknarþjónustunnar, sem HERA sinnir en sú þjónusta hefur veitt skjólstæðingum þeirra mikið öryggi og þægindi. Heimahjúkrun er einnig til og passar fyrir suma en svo eru það hinir. Til þess að mæta þörfum þeirra sjúklinga sem falla ekki undir þessar þjónustur var ákveðið að fara í greiningarvinnu á því



hvað við gætum gert til að sjúklingarnir okkar væru sem flestir á réttum stað með tilliti til þarfa þeirra. Niðurstaðan var sú að fara af stað með heimaspítala og freista þess að stytta legur og koma í veg fyrir innlagnir. Þjónustan, sem er á ábyrgð blóð- og krabbameinslækna, er í boði fyrir skjólstæðinga krabbameinsþjónustunnar sem eru orðnir 18 ára, búa á höfuðborgarsvæðinu og eru sjálfbjarga með ADL eða með viðeigandi stuðningi heima fyrir. Helstu verkefni til að byrja með eru eftirlit, vökva- og stuðningslyfjagjafir og sýklalyfjagjafir. Þetta geta verið sjúklingar sem eru nýútskrifaðir eða sjúklingar sem eru með miklar aukaverkanir vegna krabbameinsmeðferða, sjúklingar í stofnfrumumeðferðum sem þurfa tíðar blóðtökur og svo mætti lengi telja. Við stefnum svo á að byrja að gefa ákveðin krabbameinslyf heima og í sumum tilvikum að vera stuðningur fyrir sjúklinga sem geta gefið sér þessi lyf sjálfir. Í raun má segja að það séu engin takmörk á því hversu langt þessi þjónusta mun þróast en við bindum vonir við að sjúklingar upplifi

þetta sem örugga og góða þjónustu veitta af fagfólki sem býr yfir mikilli reynslu af þjónustu við krabbameinsgreinda.

Sjúklingar upplifi sig frjálssari og sjálfstæðari

Þjónustan verður rekin af reyndum hjúkrunarfræðingum innan krabbameinsþjónustunnar sem munu fara í heimavítjanir á morgun- og kvöldvöktum alla daga vikunnar en auk þess verður bakvakt með vaksíma á næturnar sem sjúklingar geta hringt í ef þörf er á. Sérfræðingar þessara sjúklinga bera ábyrgð á meðferð þeirra, með stuðningi sérnámslækna á dag- og göngudeild Blóð- og krabbameinslækninga 11BC. Stafrænar lausnir verða reyndar í þjónustunni, bæði með samskiptum við sjúklingana auk fjarvöktunar á lífsmörkum þegar það á við.

Það er okkar trú að með þessu stóra skrefi séum við að bæta þjónustuna við þennan ört stækkandi sjúklingahóp og um leið finnst honum hann vera frjálssari, sjálfstæðari með bætt lífsgæði og vera meiri þátttakandi í eigin meðferð. Eða eins og máltækið segir: „Heima er best“.



Í fréttum var þetta helst

Nafn Landspítala dúkkar reglulega upp í fjölmiðlum. Hér er samantekt á helstu fréttum í janúar þar sem spítalinn kom við sögu.



Ylfa Árnadóttir
Samskiptateymi
Landspítala

Fæðingar

Eins og svo oft áður kom [fyrsta barn ársins](#) í heiminn á fæðingardeild Landspítala við Hringbraut. RÚV sagði frá því að barnið, fimmtán marka drengur, hafi fæðst tveimur vikum fyrir tímann, í tæka tíð til að hitta ömmu sína og afa sem búa í Wales og áttu að fara af landi brott degi síðar. Þetta var ekki eina fréttin sem tengdist fæðingum á spítalanum því mbl.is sagði frá því nokkrum dögum síðar að [fæðingum hefði fækkað lítillega á milli ára](#) á Landspítala. Hulda Hjartardóttir, yfirlæknir fæðingarþjónustu, sagði í viðtali að þetta teldist eðlileg sveifla á milli ára.

Felix í helgan stein

Morgunblaðið birti [viðtal við Felix Valsson, svæfinga- og gjörgæslulækni](#), sem lét nýverið af störfum á Landspítala eftir tæplega þrjátíu ára starf. Er honum lýst af samstarfsfólki sem einstakri fyrirmynd og frábærum lækni.

Nýi spítalinn að taka á sig mynd


Mbl.is sagði frá því að nú þegar [uppsetningu útveggja á nýjum meðferðarkjarna Landspítala við Hringbraut væri nær lokið](#) væri endanlegt útlit hans komið í ljós. Búið er að loka húsinu og vinna að hefjast við innanhússfrágang á 5. og 6. hæð. Í umfjöllun Heimildarinnar kom fram að [allt að 500 manns vinni nú að nýja spítalanum](#).

Inflúensa í sókn

[Inflúensan komst í fréttir](#) líkt og hún gerir gjarnan á þessum árstíma. Hún var algengasta ástæða einangrunar vegna öndunarfaraveira á Landspítala og 22 voru inniliggjandi vegna hennar. Sóttvarnalæknir varaði við áframhaldandi fjölgun inflúensusmita á næstu vikum.

Brjóstaskimun

Fréttir af [komugjaldi í brjóstaskimun](#) á brjóstamiðstöð Landspítala voru



Komugjald fyrir hefðbundna brjóstaskimun var lækkað í október sl. til að jafna aðgang að þjónustu og bæta lýðheilsu kvenna. Niðurgreiðslan nær þó ekki til þeirra sem eru í áhættuhóp fyrir brjóstakrabbameini.

áberandi í janúar. Fólk í áhættuhópi fyrir brjóstakrabbameini fær brjóstaskimun ekki niðurgreidda eins og þau sem eru einkennalaus. Þá var sagt frá því að [þátttaka kvenna í brjóstaskimun](#) hér á landi á síðasta ári var ekki nema 56% sem er langt undir alþjóðlegum viðmiðum. Til stendur að kaupa nýja stafræna bókkunarláusn og er vonin sú að breytt fyrirkomulag tímabantana leiði til þess að fleiri konur mæti í skimun.

Óljós framtíð í Fossvogi

Forstjóri Landspítala sagði í viðtali við Stöð 2 að skynsamlegra væri að gera ráð fyrir [sjúkrahússtarfsemi á lóðinni neðan við spítalann í Fossvogi](#) heldur en íbúðabyggð eins og Reykjavíkurborg er með í undirbúningi. Þörfin fyrir sjúkrahússtarfsemi og tengda þjónustu eigi aðeins eftir að aukast með fjölgun þjóðarinnar en nái áætlanir borgarinnar fram að ganga verði minna svigrúm til að auka sjúkrahússtarfsemina í Fossvogi. Alma Möller heilbrigðisráðherra segir að [framtíð spítala í Fossvogi muni ráðast innan nokkurra mánaða](#).

Langvinnar afleiðingar E. coli sykingar

Kveikur fjallaði [ítarlega um E. coli matarsýkinguna](#) sem kom upp á leikskólanum Mánagarði í október. Fylgst var með þriggja ára stúlku sem lagðist inn á smitsjúkdómadeild barnaspítala Hringingsins og rætt m.a. við foreldra hennar, sérfræðilækna í nýrnalækningum barna

og sérfræðing í gjörgæsluhjúkrun barna. Fjöldi barna mun þurfa að vera undir eftirliti lækna ævilangt.

Aukning í efnaskiptafrávikum hjá börnum

Efnaskiptafrávik og merki um forstig áunninnar sykursýki eru að aukast hjá börnum og unglungum hér á landi. Í frétt RÚV kom fram að um [5.000 börn á Íslandi eru talin glíma við offitu](#). Heilsuskóli Barnaspítalans er eina sértæka úrræðið í boði fyrir þessi börn, en hann hefur verið starfræktur frá 2011.

Björn hættir í stjórn

Björn Zoëga, bæklunarskurðlæknir og aðstoðarforstjóri King Faisal-sjúkrahúsins í Sáði-Arabíu, [sagði af sér stjórnarformennsku á Landspítala](#) vegna anna.

Gleymum ekki HIV

Hátt í 400 manns eru í [HIV-meðferð á göngudeild smitsjúkdóma á Landspítala](#). Um 70% þeirra eru karlar. Yfirlæknir segir það hafa ýmsar neikvæðar afleiðingar hversu lítil umræða er um sjúkdóminn. Heilbrigðisstarfsfólk megi ekki gleyma tilvist hans.

Fleiri börn glíma við átröskun

Fjöldi [barna og unglunga sem hefja meðferð hjá átröskunarteymi BUGL](#) hefur tvöfaldað á síðustu tveimur árum, sagði verkefnastjóri á BUGL í viðtali við Morgunblaðið.

Beinbrot greind með gervigreind




Sigurður Þórarinnsson
Tæknistjóri HUT

Landspítali er að innleiða nýja gervigreindartækni til að greina beinbrot á bráðamóttöku. Þessi gervigreindarlausn, sem er samþykkt lækningatæki, verður notuð fyrir allar röntgenmyndir af beinum til að bera kennsl á brot og liðhlaup á innan við 1-2 mínútum. Markmiðið með innleiðingunni er að styðja við framlínustarfsfólk til að taka hraðar og nákvæmar ákvarðanir, sem gerir það mögulegt að útskrifa sjúklinga örugglega og hratt af bráðamóttökunni. Með þessu framtaki er stefnt að því að létta álagi af bráðþjónustu, myndgreiningu og bæklunarskurðlækningum hjá Landspítala.

Litið til reynslu Norðurlandþjóða

Í tengslum við innleiðingu þessarar gervigreindarlausnar hélt Landspítali í haust tveggja daga fyrirlestraröð tileinkaða gervigreind, þar sem boðið var upp á fjölda hvetjandi fyrirlestra sem tóku á mörögum sérsviðum. Í fyrirlestrunum var fjallað um vel heppnaða notkun gervigreindar í öðrum Norðurlöndum og möguleg nýsköpunartækifæri fyrir Landspítala skoðuð. Umræðuefni voru meðal annars gervigreindartækni til að fylgjast með krabbameinssjúklingum heima, sjálfvirk talgreining samtala á milli sjúklinga og lækna, t.d. í geðheilbrigðisþjónustu, og háþróaðar gervigreindarlausnir á sviði taugalækninga, myndgreiningar og meinafræði.



Mikil tækifæri

Þessi innleiðing er sú nýjasta af mörgum gervigreindarlausnum sem hafa verið innleiddar undanfarna mánuði á Landspítala eins og fjallað hefur verið um á miðlum spítalans. Þar má t.d. nefna byltuvarnalausn, greiningu leghálssýna, skimun fyrir brjóstakrabbameini, skipulagning geislameðferðar og

skimun fyrir augnsjúkdómum af völdum sykursýki. Einnig má nefna talgreiningu og fleiri máltæknilausnir sem eru í innleiðingu. Mikil tækifæri felast í nýtingu stafrænnar tækni og gervigreindar í starfsemi spítalans og þessar innleiðingar eru liður í að prófa og tileinka okkur þessa tækni.

Mikil fjölgun í enduraðgerðum gerviliða

Enduraðgerðum á gerviliðum, þegar gömlum gerviliðum er skipt út fyrir nýja, hefur fjölgað síðustu árin á Landspítala.

Gerviliðir endast í u.þ.b. 20 ár en fólk lifir lengur en áður og er heilsuhraustara lengra fram eftir aldri.

Þróunin er þó líka sú að fólk er að þyngjast sem veldur meira álagi á gerviliði og hefur í för með sér að þeir slitna niður fyrr.

Enduraðgerðir eru flóknari aðgerðir en þegar gerviliðir eru fyrst settir í, þar sem örvefur hefur gjarnan myndast og beinin í kringum gerviliðina eru orðin viðkvæm.

Í myndbandi, [sem hægt er að sjá hér](#), segir Ásgeir Guðnason bæklunarskurðlæknir m.a. frá ólíkum gerðum enduraðgerða en hann tók þátt í upp undir 100 slíkum á síðasta ári.



Ásgeir Guðnason bæklunarskurðlæknir.

Starf stýrinesndar um skráningu hjúkrunar

Stýrinesnd í skráningu hjúkrunar var endurvakin haustið 2020. Í henni eru fulltrúar frá mismunandi þjónustustigum spítalans, s.s. bráðamóttökum, göngu- og legudeildum, gjörgæslum, svæfingu, öldrunar- og geðdeildum. Fundir eru haldnir reglulega þar sem fjallað er um hin ýmsu mál sem snúa að skráningu í sjúkraskrá. Afrakstur má m.a. sjá í endurbættri stefnu, gæðaviðmiðum, verklagsreglum, vinnulýsingum og áframhaldandi þróun á sjúkraskrá.



Tengiliðastarf á deildum

Sama ár var stofnaður hópur tengiliða sem nú telur 71 hjúkrunarfræðing frá 57 deildum. Þau hafa það hlutverk að vera leiðtogar og fyrirmyndir varðandi skráningu. Þau sinna umbótaverkefnum og kennslu á sínum einingum með það að markmiði að hjúkrunarskráning stuðli að öryggi sjúklinga og sýni fram á ávinning þeirrar hjúkrunar sem veitt er.

Vinnustofur

Reglulega eru haldnar vinnustofur/stefnumót með tengiliðum þar sem ræddar eru mismunandi þarfir í skráningarumhverfinu og mögulegar lausnir lagðar til. Nýjungar í þróun og verklagi eru kynntar og lagður grunnur að átaksverkefnum og umbótum til samræmingar skráningu þvert á spítalann.

Tengiliðir hafa lýst yfir ánægju sinni með vinnustofurnar og gildi þess að fá innsýn í viðfangsefni annarra deilda og þjónustufurma þegar kemur að sjúkraskrármálum. Einnig er samstarf og stuðningur frá stýrinesnd



að reynast þeim gagnlegur. Árangur vinnu tengiliðanna hefur birst m.a. í bættri framsetningu hjúkrunaráætlana, nákvæmari framvinduskráningu og bættri íhlutaskráningu.

Með þessu samstarfi milli stýrinesndarfulltrúa og tengiliða hefur myndast mikilvægt tengslanet sem

nýtist til eflingar skráningar á hjúkrun á Landspítala.

Hanna Kristín Guðjónsdóttir, formaður stýrinesndar um skráningu hjúkrunar
Ásthildur Guðjohnsen, verkefnastjóri stýrinesndar um skráningu hjúkrunar

80 ný sjúkrarúm tekin í notkun

Landspítali hefur keypt 80 ný sjúkrarúm sem tekin hafa verið í notkun víðsvegar um spítalann. Rúmin leysa af hólmi 40 ára stálrum en þau nýju eru úr plasti sem þýðir að það er auðveldara að þrifa þau og keyra. Þá eru nýju rúmin breiðari en þau gömlu.

Alls eru rétt tæplega 800 rúm í

notkun á Landspítala og eftir þessa endurnýjun verða aðeins örfá stálrum eftir innan spítalans. Að sögn Örnú Lindar Sigurðardóttur, deildarstjóra aðfangabjónustu Landspítala, verða gömlu rúmin notuð að einhverju leyti áfram sem vararúm. Í [þessu myndbandi](#) segir Arna Lind nánar frá nýju rúmunum.



80 ný sjúkrarúm eru nú komin í hús.



Heilbrigðisráðherra heimsótti nýja farsóttareiningu á Landspítala

Alma Möller heilbrigðisráðherra skoðaði nýja farsóttareiningu á B-1 í Fossvogi í janúar, en þetta var fyrsta heimsókn hennar á spítalann eftir að hún tók við ráðherraembættinu.



Ylfa Árnadóttir
Samskiptateymi
Landspítala

Farsóttareiningin verður til með flutningi göngudeildar smitsjúkdóma og bráðadagdeildar lyflækninga á B-1, en þær voru áður á sitthvorum staðnum innan sjúkrahússins. Á deildunum tveimur verður alla jafna hefðbundin starfsemi en komi upp faraldur í þjóðfélaginu er með lítilli fyrirhöfn hægt að breyta deildinni í farsóttareiningu til að sinna sérstaklega þeim sem af faraldrinum veikjast. Starfsfólk á B-1 býr yfir fagþekkingunni sem þarf til að kljást við farsótt en á deildinni er einnig að finna sérútbúin herbergi með sérstöku loftræstikerfi.

Spítalinn nú betur í stakk búinn til að takast á við farsótt

Að sögn Más Kristjánssonar, framkvæmdastjóra bráða-, lyflækninga og endurhæfingabjónustu, er mikilvægi farsóttareiningar einkum fólgið í því að nú er spítalinn betur í stakk búinn

en áður til að takast á við farsótt með því að vera í betri aðstöðu til að taka á móti sjúklingum og í betri tengslum við rannsóknastofur fyrir blóð- og myndgreiningu.


Alma hélt stutta tölu í heimsókninni og sagði alla sem komið hefðu að því að setja nýju farsóttareininguna á laggirnar hafa unnið mikið þrekvirki. Hún vildi þakka þeim fyrir og óska öllum til hamingju með opnunina.

Fjögur stig í nýtingu húsnæðisins

Komi upp nýr faraldur mun á farsóttareiningunni fara fram starfsemi sambærileg þeirri sem fór fram á Birkiborg í COVID-19 heimsfaraldrinum. Þar var að finna sambland af fjarþjónustu, þar sem byggt var á samskiptum við sjúklinga með COVID-19, og göngudeildarþjónustu, þar sem sjúklingar voru metnir af heilbrigðisstarfsmönnum með tilliti til alvarleika veikinda. Á Birkiborg var unnt að taka blóðpróf auk rækilegrar klínískrar skoðunar. Þá var hægt að gefa sjúklingum stuðningsmeðferð í formi vökvagjafar í æð, lyf til innöndunar og

í æð svo nokkuð sé nefnt. Aftur á móti var Birkiborg í gömlu og óhentugu húsnæði og þurfti að flytja alvarlega veikt fólk með sjúkrabíl yfir í Fossvog. Því var ákveðið að útbúa sérstaka farsóttareiningu innan sjúkrahússins sjálfs.

Í starfseminni á B-1 er gert ráð fyrir fjórum stigum nýtingar húsnæðisins, með tilliti til þess hvort að faraldrar eða farsótt knúi dyra og krefji um sérstakt viðbragð, en auk göngudeildar smitsjúkdóma og bráðadagdeildar lyflækninga þá er sjúkra- og iðjuþjálfun einnig að finna á ganginum. Grænt stig (stig 1) er við hefðbundna starfsemi, gult stig (stig 2) er þegar faraldrar á borð við alvarlegar öndunarfæra- eða iðrasýkingar eru í gangi og einingin er virkjuð að hluta sem farsóttareining. Rauð stig (stig 3 og 4) eru þegar faraldur á heimsvísu skellur á og ef að blæðandi veirusótt kemur upp. Hin mismunandi stig auka þá hlutdeild bráðadagdeildar og smitsjúkdóma í húsnæðinu sem að á stigum 3 og 4 leiðir til þess að engin starfsemi önnur er á B-1 nema sem tengist viðkomandi farsótt.



HVAR LIGGJA TÆKIFÆRIN Í ÖLDRUNARÞJÓNUSTU?

Dagur öldrunar - 13. mars 2025 - Hótel Natura, Zoom

Dagur öldrunar verður haldinn í 7. sinn fimmtudaginn 13. mars 2025.

Þema dagsins er „Hvar liggja tækifærin í öldrunarþjónustu“ sem vísar til mikilvægis þverfaglegrar samvinnu, teymisvinnu og mikilvægis þess að þróa nýjar leiðir og þjónustu, hjálpast að og horfa til framtíðar og nýta tækifæri sem eru nú þegar til staðar.

ÁTTU ERINDI FYRIR DAG ÖLDRUNAR 2025?

Óskað er eftir ágrípum af rannsóknum, gæðaverkefnum eða öðrum verkefnum sem tengjast þema dagsins, ráðstefnan er þverfagleg. Ágripin geta fjallað um hvaðeina sem tengist tækifærum í öldrunarþjónustu, hvað hefur reynst vel/illa, hvað er í þróun og hvert er stefnt.

Frestur til að skila ágrípum er til 1. febrúar 2025 á netfangið oldrunarhjukrun@gmail.com

Nánari upplýsingar veita:

Íris Dögg Guðjónsdóttir iris@skjol.is

Hlíf Guðmundsdóttir hligud@landspitali.is

Guðný Stella Guðnadóttir gudny.s.gudnadottir@hsu.is

Ráðstefnan er haldin af:

Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga

Fagráði öldrunarhjúkrunar Landspítala

Félagi íslenskra öldrunarlækna

Uppsetning ágripa:

- Titill, nöfn höfunda, vinnustaðir og netfang tengiliðar.
- Hámarksorðafjöldi 350, sett upp og send inn í Word skjali
- Framsetning með feitletruðum undir-fyrirsögnum: Bakgrunnur, Markmið, Aðferð, Niðurstöður og Ályktanir.
- Texta skal rita í Times New Roman 12pt lettri, 1 línubil.





Nóg að gera í þræðingum

Á hjarta- og æðapræðingastofum Landspítala við Hringbraut fer fram fjölbreytt starfsemi: Kransæðapræðingar, kransæðavíkkjanir með belg og ísetningu stoðnets, ósæðarlokuskipti með þræðingatækni og ísetningar á gangráðum og bjargráðum svo fátt eitt sé nefnt. Alls eru þar framkvæmdar árlega hátt í þrjú þúsund aðgerðir af öflugum hópi starfsmanna sem er á vakt allan sólarhringinn, allan ársins hring til að meðhöndla sjúklinga sem koma inn með bráða kransæðastíflu.

Það er mikil framleiðni á hjarta- og æðapræðingastofunum og gæðin á pari

við það sem best gerist, segir Davíð O. Arnar, yfirlæknir hjartalækninga. „Við erum mjög stolt af því starfi sem fer þar fram. Við leggjum mikla áherslu á að okkar starfsfólk geti nýtt sér allra nýjustu tæknina í bæði kransæðainngripum og við meðferð hjartsláttartruflana. Það eykur öryggi, bætir þjónustu við sjúklinga og gerir okkur kleift að keppa um besta starfsfólkið,“ segir hann.

Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala, heimsótti nýverið hjarta- og æðapræðingastofur Landspítala og myndaði fólk að störfum.



Læknanemi fékk grein birta í virtu vísindatímariti

Ástrún Helga Jónsdóttir, 6. árs læknanemi við Háskóla Íslands, er einn höfunda greinar sem birtist nýverið í Blood, einu virtasta tímariti í heiminum á sviði blóðlæknisfræði. Greinin [Approaching hypercalcemia in Monoclonal Gammopathy of Undetermined Significance: Insights from the iStopMM study](#) byggir á rannsókn Ástrúnar sem hún vann fyrir B.Sc. verkefni sitt á þriðja ári læknisfræðinnar undir handleiðslu Sæmundar Rögnvaldssonar, sérnámslæknis í lyflækningum, og Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur, sérfræðings í lyflækningum og innkirtla- og efnaskiptalækningum.

Í rannsókninni voru greind gögn rúmlega 2.500 manns sem greindust með forstigi mergæxlis í áttakinu Blóðskimun til bjargar. Markmiðið var að skoða hvort hátt gildi kalks í blóði fólks með forstigi þýddi að það væri komið með mergæxli, en það er meðal greiningarskilmærja krabbameinsins. Í ljós kom að í langflestum tilvikum voru orsakir hás kalks aðrar en mergæxli.

Að sögn Ástrúnar er það mikill heiður að hafa fengið greinina birta í Blood. „Manni fannst það vera að skjóta á tunglið að senda greinina þangað inn



Í rannsókn Ástrúnar voru greind gögn rúmlega 2.500 manns sem greindust með forstigi mergæxlis í áttakinu Blóðskimun til bjargar.

en svo heppnaðist það,“ segir hún. Þetta er ekki fyrsta viðurkenningin sem Ástrún fær fyrir rannsókn sína en hún hefur hlotið þrenn verðlaun fyrir besta vísindaágrípið: á lyflæknaþingi í Hörpu, á norrænu mergæxlisráðstefnunni Nordic Myeloma Study Group og á blóðlæknaþingi American Society of Hematology.

Ástrún segir að ekki standi til að byggja frekar ofan á þessa rannsókn en

hún sjái fyrir sér að í næstu rannsóknum sem tengist mergæxlum verði áfram lögð áhersla á klíniska nálgun. Spurð hvort hún sé að íhuga að sérhæfa sig í blóðmeinafræði segist hún ekki hafa tekið ákvörðun um það. Hún vilji þó gjarnan blanda saman klíník og rannsóknum. „Sama hvaða sérgrein maður velur þá er gott að vera með góðan grunn í rannsóknarvinnu,“ segir Ástrún að lokum.

Lífvísindasetur hlýtur styrk

Lífvísindasetur hefur hlotið 43,5 milljóna kr. styrk frá Samstarfssjóði háskólanna en Landspítali er samstarfsaðili þar með Hans Tómas Björnsson, yfirlækni á erfða- og sameindalæknisfræðideild, sem tengilið.

Lífvísindasetur er formlegt samstarf rannsóknahópa í sameinda- og lífvísindum og eru margir vísindamenn Landspítala sem eiga aðild þar að. Að sögn Hans Tómasar eru tveir

kjarnar á Landspítala sem tengjast Lífvísindasetri: Önæmisfræðideild sem er með frumuflæðiflokkun og erfða- og sameindalæknisfræðideild sem sér um raðgreiningar.

Styrkurinn verður m.a. nýttur til að samnýta lífupplýsingafræðilega þekkingu milli stofnana, samnýta innkaup og styrkja raðgreiningakjarnann með því að borga undir starfsmann þar. Þá verður stofnaður vettvangur fyrir rannsakendur



og nemendur í STEM greinum til að para sig saman þvert á stofnanir og settir upp verkferlar um nýtingu rannsóknainnviða í erfðatekni og smásjármyndgreiningu auk úrvinnslu og varðveislu gagna.

Rannsóknargrein til birtingar í erlendu tímariti



Rannveig Björk Guðjónsdóttir
Deildarstjóri á
bráðamóttöku barna

Svana Katla Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur á bráðamóttöku barna og við menntadeild Landspítala, hefur fengið samþykka birtingu greinar í hinu virta tímariti International Emergency Nursing. Tímaritið er hluti af European Society of Emergency Nurses (EuSEN), samtökum sem fagdeild bráðahjúkrunar á Íslandi hefur tengsl við. Grein Svönu Kötlu byggir á lokaritgerð hennar í meistaranámi í bráðahjúkrun við Háskóla Íslands.

Meistararitgerðin bar heitið „Höfuðáverkar barna: lýsandi rannsókn á nýgengi, komum, orsökum og ferli sjúklinga innan Landspítala á árunum 2010 til 2021“. Um var að ræða afturskygga lýsandi rannsókn á börnum sem komu á bráðamóttökur Landspítala með höfuðáverka á tilgreindu rannsóknartímabili. Rannsóknin var



Svana Katla Þorsteinsdóttir fékk samþykka birtingu greinar í hinu virta tímariti International Emergency Nursing.

unnin undir leiðsögn Þórdísar Katrínar Þorsteinsdóttur og Karls Fannars Gunnarssonar.

Svana lauk hjúkrunarfræðiprófi frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands árið 2018 og fyrrgreindu meistaraprófi árið 2023. Hún stundar nú sérfræðinám í hjúkrun við Landspítala þar sem áherslan er á bráðahjúkrun barna og

slævingar barna innan spítalans. Verkefni hennar á spítalanum miða að því að efla fagþekkingu hjúkrunarfræðinga og bæta öryggi og þjónustu fyrir börn sem leita á Landspítala.

Birting rannsóknargreinarinnar markar stóran áfanga í starfsferli Svönu Kötlu. Við óskum henni innilega til hamingju með þennan merka árangur.

Bára Dís hlaut Dieter K. Lüdecke-verðlaunin

Bára Dís Benediktsdóttir, sérfræðilæknir í almennum lyflækningum, hlaut nú í nóvember verðlaun sem kennd eru við taugaskurðlækninn Dieter K. Lüdecke á Europit, viðburði á vegum Evrópsku innkirtlasamtakanna, í Annecy í Frakklandi. Verðlaunin hlaut hún fyrir bestu tilfelltílkynninguna sem tengdist æxli í heiladingli hjá sjúklingi með krabbamein. Bárá stefnir á frekara sérnám í innkirtlalækningum.

Að sögn Báru var það eitt að komast á Europit mikill heiður, þar sem sækja þarf um þátttöku og eru umsóknirnar mun fleiri en plássin sem eru í boði. Á viðburðinn mæta innkirtlalæknar, taugaskurðlæknar, meinafræðingar og röntgenlæknar í þeim tilgangi að bæta meðferð og þjónustu við einstaklinga



Bára Dís flytur kynninguna sína á Europit í Frakklandi.


með sjúkdóm í heiladingli og styrkja þverfaglegt samstarf sem og samstarf innan Evrópu.

Dieter K. Lüdecke-verðlaunin eru mikil viðurkenning fyrir þverfaglegt



Bára Dís, fyrir miðju, ásamt Veru Popovic og Triciu Crock, eiginkonu Dieter K. Lüdecke heitins.

teymi um heiladingulsvandamál sem er starfandi á Landspítala, að sögn Báru. „Þetta sýnir að við stöndumst alþjóðlegan samanburð og erum að gera flotta hluti sem er ekki sjálfsgætt í svona litlu landi.“



Heiðursvísindamaður Landspítala



Sigríður Bergþórsdóttir
Verkefnastjóri á
Vísindadeild

Vísindaráð Landspítala auglýsir eftir tilnefningum um heiðursvísindamann Landspítala 2025. Skilafrestur rennur út 22. febrúar 2025. Tilnefna má þá sem hafa aðalstarf sitt á Landspítala og hafa ekki áður verið heiðraðir með titlinum.

Vísindaráð Landspítala hvetur þá sem eru í aðstöðu til að meta störf einstakra vísindamanna á spítalanum til að senda inn tilnefningar. Við valið

er lagt mat á vísindaferil viðkomandi og árangur vísindarannsókna hans eða hennar ásamt frumleika og sjálfstæði í vísindarannsóknum. Einkum er horft til fjölda birtra vísindagreina í virtum erlendum vísindatímaritum og fjölda tilvísana í þær, fjölda greina þar sem viðkomandi er fyrsti eða síðasti höfundur og fjölda tilvísana í þær greinar, öflunar stórra styrkja hérlandis og erlendis og þátttöku og árangurs í alþjóðlegu samstarfi. Einnig er litið til framlags til eflingar vísinda og vísindamenningar innan Landspítala. Er það m.a. metið út frá grósku vísindastarfs viðkomandi

innan spítalans, greinafjölda sem byggja á rannsóknum vísindamannsins innan spítalans og fjölda tilvitnana í þær greinar sem og fjölda útskrifaðra meistara- og doktorsnema.

Tilnefningum skal fylgja ferilskrá og ritalisti viðkomandi vísindamanns ásamt staðfestum og hreinsuðum Google Scholar tengli. Einnig skal fylgja rökstuðningur fyrir því af hverju ætti að heiðra tilnefndan sem heiðursvísindamann Landspítala 2025. Tilnefningum er skilað með tölvupósti til visindarad@landspitali.is merktum „Heiðursvísindamaður 2025“.

STARFSMANNAMÁL

Sigurbjörg nýr yfiriðjuþjálfari Landspítala

Sigurbjörg Hannesdóttir hefur verið ráðin yfiriðjuþjálfari Landspítala. Sigurbjörg lauk BS-prófi í iðjuþjálfunarfræðum í Esbjerg árið 2000,

diplómanámi í hugrænni atferlismeðferð við Endurmenntun Háskóla Íslands 2009 og diplómanámi í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands 2013. Sigurbjörg varð fyrsti iðjuþjálfinn sem hóf störf á Hrafnistuheimilunum árið 2004 og varð síðan deildarstjóri nýrrar stoðeildar iðjuþjálfunar og félagsstarfs á Hrafnistuheimilunum til 2019. Frá árinu 2019 hefur Sigurbjörg starfað sem fræðslustjóri Alzheimersamtakanna þar sem hún hefur m.a. umsjón yfir allri fræðslu á vegum samtakanna og innleiðingu nýrra verkefna. Sigurbjörg var formaður Öldrunafræðafélag Íslands árin 2014-2021.



Vegleg gjöf frá Íslenska gámafélaginu

Fulltrúar frá Íslenska gámafélaginu komu færandi hendi á Barnaspítala Hringsins í vikunni fyrir jól og afhentu styrk úr dósasjóð fyrirtækisins, en í sjóðinn safnast skilagjald af flóskum og dósum frá starfsstöðvum og viðskiptavinum fyrirtækisins. Í 25 ár hefur Barnaspítali Hringsins notið góðs af styrk frá Íslenska gámafélaginu og í ár

fékk spítalinn þrjár milljónir afhentar.

Á myndinni tekur Áslaug Salka Grétarsdóttir við styrknum fyrir hönd Barnaspítala Hringsins. Frá vinstri: Ásta María Harðardóttir, Ólafur Thordersen, Áslaug Salka Grétarsdóttir og Auður Pétursdóttir.

Landspítali þakkar kærlega fyrir þessa veglegu gjöf.



Breytingar framundan

Meta (Facebook) hefur ákveðið að loka Workplace og Landspítali ætlar að vera búinn að skipta yfir í **Teams** og **Viva Engage** í maí 2025.

Þetta er stórt skref í innri samskiptum spítalans og þátttaka allra skiptir máli. Nýju verkfærin munu einfalda upplýsingagjöf og samskipti milli starfsmanna.

[Á innri vefnum](#) verður hægt að fylgjast með framvindu verkefnisins og nálgast gagnlegar upplýsingar, spurningar og svör eftir því sem leiðbeiningar verða tilbúnar.

Í [þessu myndbandi](#) fer Sírý Sigurðardóttir, teymisstjóri vefmála á Landspítala, nánar yfir þær breytingar sem framundan eru.



LANDSPÍTALI

Öll gögn á einum stað í Heilsugátt



Adeline Tracz
Teymisstjóri nýþróunar

Nýþróun hefur umsjón með allri hugbúnaðarþróun á Landspítala, þar á meðal Landspítalaappinu, Stoðgátt, Verði, Starfsmannaappinu, Lyfjalistanum og samþættingu milli allra klínískra tölvukerfa. Síðast en ekki síst þá hefur nýþróun umsjón með þróun Heilsugátta, sem er sjúkrakerfi Landspítala.

Í Heilsugátt eru öll gögn stærstu stofnunar landsins samþætt á einum stað í rauntíma

Heilsugátt er afurð stöðugrar vinnu undanfarin átján ár með aðkomu og leiðsögn klínískra starfsmanna. Hún er tölvukerfi smíðað af og eign Landspítala. Stefnt er að því að Heilsugátt verði eitt af öflugustu sjúkraskrákerfum Evrópu.

Fyrsta útgáfa Heilsugátta rinnar leit dagsins ljós árið 2008 og eru útgáfurnar



Teymi Heilsugátta.

orðnar alls 180 talsins. Á Landspítala eru um 2.800 manns sem nota Heilsugáttina á hverjum degi en utan spítalans eru um 80 stofur og stofnanir sem hafa aðgang með alls um 3.000 notendum.

Hafir þú spurningar eða óskir eftir aðstoð við að nota stafrænar lausnir okkar, ekki hika við að hafa samband við Adeline Tracz.

Heilsugátt í hnotskurn

Skjáborð Birtir rauntímaupplýsingar um sjúklinga deildarinnar úr öllum undirliggjandi klínískum kerfum.

104 legudeildarskjáborð, dag- og göngudeilda skjáborð, teymisskjáborð, einangrunarskjáborð.


Tímalína birtir allar sjúkraskráupplýsingar um sjúkling. **40.000** opnanir á dag og er í stöðugum vexti.

Vinnuhólf sérfræðings og vinnuhólf deilda birta rannsóknarniðurstöður, eyðublöð og skilaboð sem krefjast aðstöðu klínísks starfsfólks. **39** vinnuhólf deilda í notkun, **15** vinnuhólf stofnana utan Landspítala.

Spjallskilaboðakerfið er sérhannað fyrir starfsmenn spítala. Skilaboðin og rásir eru dulkóðuð og geymd á öruggan hátt í gagnagrunni Landspítala. **7.200** skilaboð send á dag.

Sjúklingahópar halda utan um hóp sjúklinga: **3.000** virkir sjúklingahópar – fjöldi upplýsingarreita **240.593**.

B&T borð heldur utan um allar tilvísanir, heilsugáttarbeiðnir og beiðnir um ráðgjöf sem berast deildinni, og gerir starfsfólki kleift að afgreiða þær á skilvirkan og rekjanlegan hátt. **64** deildir nota B&T borð



Regluvélar: Þær keyra á sjúklingahópa eða innliggjandi sjúklinga og fylgjast með breytingum í sjúkraskrá með því að vinna úr Gögnum út Tímalínu sjúklinga út frá fyrirfram skilgreindum formúlum. **80** hópareglur sem keyra á ákveðna sjúklingahópa. **95** reglur sem keyra við innskrift, útskrift eða á alla innliggjandi sjúklinga allan sólarhringinn

Formblöð eru skráningarblöð sem notuð eru við gæðaskráningu eða sem spurningalistar í LSH-appinu Fjöldi skráninga, stofnað eða breytt á síðasta ári: **240.593**

Blóðrannsóknarbeiðnir: **3100** beiðnir á dag

Röntgenbeiðnir: **700** beiðnir á dag

Aðrar klínískar beiðnir: **700** beiðnir á dag

Fjöldmörg hálkuslys á aðventunni

Bæklunarskurðlæknar á Landspítala í Fossvogi höfðu í nógu að snúast í desember þegar snjór og ís lögðust yfir stræti borgarinnar með tilheyrandi hálkuslysum.

Alls framkvæmdu þeir þá 49 aðgerðir vegna ökkla- og úlnliðsbrot, sem eru dæmigerð meiðsl þegar fólk rennur og dettur, en það samsvarar rúmlega 50% fjölgun frá októbermánuði.

Hálfkan gerir sjaldan boð á undan sér og því getur starfsfólk bæklunarskurðeildar ekki skipulagt sig fyrirfram. Þá er mikilvægt að geta brugðist hratt við þegar

sjúklingar með brotin bein mæta hver á fætur öðrum á spítalann.

Hjörtur Friðrik Hjartarson, forstöðulæknir skurðlækninga, segir að hver mínúta sé nýtt til fulls á skurðstofunum. Lögð er áhersla á að reyna að láta þessa skyndilegu fjölgun bráðaaðgerða ekki tefja alla starfsemi deildarinnar og er brugðist við með því að fjölga skurðstofum, t.d. um helgar, kalla fólk inn á aukavaktir og fjölga legudeildarplássum.

Að sögn Hjartar skilaði þetta sér í því að meðalbiðtími eftir bráðaaðgerð



Hálfkan gerði fólki lífið leitt í desember.

á bæklunarskurðeildinni hélt innan viðmiðunarmarka í desember.

STARFSMANNAMÁL

Sigurbergur nýr yfirlæknir gjörgæslulækninga

Sigurbergur Kárasón hefur verið ráðinn sem yfirlæknir gjörgæslulækninga á svæfinga- og gjörgæslulækningum



Sigurbergur útskrifaðist úr Læknadeild Háskóla Íslands árið 1990, tók síðan sérnáam í svæfinga- og gjörgæslulækningum við Sahlgrenska Háskólasjúkrahúsið í Gautaborg og lauk doktorsprófi innan sérgreinarinnar frá Gautaborgarháskóla árið 2000. Jafnframt lauk hann meistaranámi varðandi stjórnun innan heilbrigðiskerfa og lýðheilsu árið 2010 frá HR. Hann hefur starfað sem sérfræðingur við Svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítalans síðan 2002. Þar af sem yfirlæknir á svæfingadeild í Fossvogi 2006 - 2014 og sem yfirlæknir á gjörgæsludeild Hringbrautar frá 2015. Jafnframt sem dósent við Læknadeild Háskóla Íslands frá 2003 og sem prófessor frá 2020. Sigurbergur hefur þannig komið að stjórnun, stefnumótun, gæðastarfi, innleiðingu breytinga, kennslu, handleiðslu og margvíslegu rannsóknarstarfi á þessum tíma auk klínískrar vinnu.



**BARNA- OG UNGLINGA
GÆÐDEILD**

komdu og fagnaðu með okkur!

31 | **FÖSTUDAGINN**
31. JANÚAR
18:30 - 20:30

*Sykursalurinn
Grósku, Vatnsmýri
Bjargargata 1, 102
Reykjavík*





STARFSMANNAMÁL

Nýr deildarstjóri

Magney Ósk Bragadóttir hefur verið ráðin deildarstjóri á HNE-, lýta- og æðaskurðeild A4 í Fossvogi. Magney útskrifaðist úr hjúkrunarfræði



frá HÍ árið 2006, er með viðbótar diploma í hjúkrun aðgerðarsjúklinga og kláraði meistaranám í hjúkrunarfræði frá HÍ árið 2024. Hún hóf störf á Landspítalanum sem hjúkrunarnemi árið 2005. Eftir útskrift starfaði hún brunagjörgæslu á Karolinska sjúkrahúsinu, ásamt því að starfa sem hjúkrunarfræðingur á hjúkrunarheimili í Stokkhólmi. Hún hefur langa starfsreynslu á Landspítalanum og lengst hefur hún starfað á HNE-, lýta- og æðaskurðeild A4, sem hjúkrunarfræðingur frá 2008 og sem aðstoðardeildarstjóri frá 2018 og settur deildarstjóri á A4 frá 1. apríl 2024.

2024

ANNÁLL LANDSPÍTALA

Annáll Landspítala 2024

Síðastliðið ár var viðburðaríkt og annasamt í starfsemi spítalans. Þjónusta var aukin, biðlistar styttnir og mikilvæg skref stigin í stafrænni vegferð Landspítala. Þá fögnuðu tvær mikilvægar einingar stórafmæli á árinu. Líknardeildin varð 25 ára og

Gjörgæslan á Hringbraut 50 ára. Í myndbandi, [sem hægt er að sjá hér](#), er litið yfir farinn veg og rifjaðir upp helstu atburðir innan spítalans á liðnu ári. Framleiðsla myndbands var í höndum Ásvalds Kristjánssonar.

Landskeppni
í hreyfingu

Lífshlaupið

Hefst 5. febrúar

Skráning á www.lifshlaupid.is

Lífshlaupið hefst í næstu viku

Skráning er hafin í Lífshlaupið 2025. Starfsfólk Landspítala er hvatt til að skrá sig á www.lifshlaupid.is. Nánari upplýsingar má finna á [Workplace](#).

Stuðningur við upphaf brjóstgjafar

- verkefni nýrrar sérfræðiljósmóður á meðgöngu- og sængurlegudeild 22A



Hallfríður Kristín Jónsdóttir
Sérfræðiljósmóðir

Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (WHO) mælir með að brjóstgjöf hefjist innan klukkustundar frá fæðingu og að börn séu eingöngu á brjósti fyrstu sex mánuðina. Heilsufarslegur ávinningur brjóstgjafar er vel þekktur fyrir bæði móður og barn. Nýjustu tölur sýna að rúm 90% barna á Íslandi fara á brjóst innan tveggja klukkustunda frá fæðingu en eftir það lækkar tíðni brjóstgjafar hratt þar sem eingöngu tæp 63% barna eru eingöngu á brjósti við tveggja vikna aldur og 21% við sex mánaða aldur. Fyrstu dagarnir eftir fæðingu geta verið krefjandi en eru jafnframt mikilvægir því þá er grunnur lagður að mjólkurframleiðslu móður.

Skráningarform í heilsugátt

Síðastliðin tvö ár hefur átt verið í gangi á Meðgöngu- og sængurlegudeild Landspítala með það að markmiði að efla upphaf brjóstgjafar hjá öllum konum og börnum þeirra. Einn liður í þessu átaki er bæði að bjóða nýbakaðri móður handmjólkun ef barn tekur ekki brjóst og draga úr gjöf þurrmjólkurábótar til fullburða hraustra nýbura án lækisfræðilegrar ástæðu nema ef móðir óskar þess. Ótal rannsóknir hafa sýnt að gjöf á þurrmjólk til nýbura án lækisfræðilegrar ástæðu tengist bæði styttri lengd brjóstgjafar og lægri tíðni brjóstgjafar ásamt því að draga úr sjálfstrausti nýbakaðrar móður.

Þar sem ekki voru til neinar tölur um tíðni ábótagjafa á Landspítala var þróað einfalt skráningarform í heilsugátt til að fá betri yfirsýn yfir tíðni og ástæður ábótagjafa. Skráningarformið er enn í þróun og stöðugri endurskoðun. Einnig var útbúin fræðsla til starfsfólks varðandi ástæður ábótagjafa, leiðir og magn sem æskilegt er að gefa til að hægt væri að vernda upphaf brjóstgjafar hjá þessum hóp.

Mikil ánægja með handmjólkun

Áttak í handmjólkun var einnig samfara þessu enda mikilvægt að gefa þarf



Ótal rannsóknir hafa sýnt að gjöf á þurrmjólk til nýbura án lækisfræðilegrar ástæðu tengist bæði styttri lengd brjóstgjafar og lægri tíðni brjóstgjafar ásamt því að draga úr sjálfstrausti nýbakaðrar móður.

hraustum nýbura ábót er best að hann fái móðurmjólk sé hún til staðar. Því mætti segja að teskeiðar séu nauðsynlegur búnaður á Meðgöngu- og sængurlegudeild þar sem best er að nota þær við handmjólkun og til að gefa nýbura brodd. Mikil ánægja er með handmjólkun en mælt er með að handmjólka móður að minnsta kosti fyrsta sólarhringinn ef barn tekur ekki brjóst. Ánægjan er bæði meðal starfsfólks og ekki síst hinnar nýbökðu móður sem eflist við að sjá mjólkina flæða.

Margir aðrir kostir eru við handmjólkun sé móðirin þess samþykki en þá næst broddurinn (fyrsta mjólkinn) frekar heldur en ef notuð er brjóstapumpa, hún er umhverfisvænni (plast og rafmagn fylgir notkun á brjóstapumpum) og einnig hefur hún gagnast erlendum konum þar sem í sumum menningarheimum er trú á að engin mjólk sé til staðar fyrstu dagana en með handmjólkun sjá þær að það er mjólk í brjóstum sem eflir þær í sinni brjóstgjöf.

STARFSMANNAMÁL

Nýr deildarstjóri

Lilja Dögg Bjarnadóttir hefur verið ráðin deildarstjóri á Laugarási meðferðar-geðdeild. Lilja Dögg útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskóla Íslands 2015. Hún lauk diplómanámi í afbrotufræði árið 2018 frá HÍ og meistaraþráðu í heilbrigðisvísindum með áherslu á geðheilbrigði frá Háskólanum á Akureyri árið 2021. Samhliða grunnnámi og eftir útskrift starfaði Lilja Dögg á Sjúkrahúsinu Vogu og á Barnaspítala Hringins. Frá árinu 2018 starfaði Lilja Dögg sem hjúkrunarfræðingur og síðar sem aðstoðardeildarstjóri á Laugarási.





Verkefnastofa

Flýtimóttaka: ferli sjúklinga með aðkallandi vandamál



Rúna Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri á
Verkefnastofu

Á næstu vikum mun hefjast innleiðing á Flýtimóttökum sérgreina sem hefur verið í undirbúningi síðan á vormánuðum. Verkefnið er í forgangi hjá framkvæmdastjórn sem hluti af því að efla dag- og göngudeildarþjónustu á Landspítala og þjónustu við okkar skjólstaðinga.

Flýtimóttaka er skilgreind móttaka sérgreinar eða teymis á dag- og

göngudeildum sem sinnir sjúklingum með aðkallandi vandamál sem eru ekki það bráð að þau þarfnist meðferðar á bráðamóttöku. Til flýtimóttöku verður hægt að vísa sjúklingum með aðkallandi vandamál sem þarfnast skjóts mats eða meðferðar sem, að mati tilvísanda, getur ekki beðið í nokkra daga. Markmið flýtimóttöku er að tilvísun sé yfirfarin eigi síðar en næsta virka dag og málum komið í viðeigandi farveg.

Markmið flýtimóttöku er einnig að skilgreindir sjúklingahópar sem eiga í meðferðarsambandi við sérgrein geti haft samband við sinn meðferðaraðila ef upp

koma vandamál tengd þeirri meðferð. Þannig getur flýtimóttaka haft ákveðið forvarnargildi því með auknu eftirliti og bættu aðgengi er mögulega hægt að koma í veg fyrir versnun sjúklinga og óþarfa aðkomu bráðamóttöku.

Hingað til hafa sérgreinar sinnt þessum sjúklingahópi á ólíkan hátt og hefur tilvísunarferlið ekki verið skýrt. Með nýju verkefni verður hægt að samræma og einfalda ferli sjúklinga með aðkallandi vandamál og er það von Landspítala að með þessu verði stigið mikilvægt skref í átt að skilvirkari og bættri þjónustu við sjúklinga með aðkallandi vandamál.

Þjónustukannanir fyrir sjúklinga á Landspítala

Rauntímamælingar og samanburður við aðrar ríkisstofnanir



María Björg Kristjánsdóttir
Verkefnastjóri á
Verkefnastofu

Síðan á haustmánuðum hefur verkefnahópurinn unnið hörðum höndum að því að koma í loftið þjónustukönnun fyrir sjúklinga. Hugmyndin er að keyra slíka könnun á öllum deildum sem hafa snertingu við sjúklinga og aðstandendur þeirra.

Markmiðið með þjónustukönnun er að auka gæði gagna og greininga, til þess að styrkja þjónustu Landspítala og auðvelda samanburð á milli ríkisstofnana.

Upphaflega var lagt upp með að hýsa þjónustukannanir á Teams svæði spítalans þar sem stjórnendur gætu haldið utan um svör og unnið

úr upplýsingum. Í desember 2024 var tekin sú ákvörðun taka heldur upp þjónustukönnun ríkisstofnana sem fjármálaráðuneytið stendur fyrir á landsvísi í samstarfi við markaðsrannsóknarfyrirtækið Prósent.

Þetta þýðir að könnunin verði send úr erlendu kerfi sem heitir Qualtrics en það kerfi býður upp á ýmsa notendavæna möguleika. Þar má helst nefna mælaborð til að auðvelda greiningu gagnanna og samanburð við aðrar heilbrigðisstofnanir á Íslandi.

Kerfið Qualtrics er notað víða um heim, m.a. af NHS (National Healthcare Services) í Bretlandi og CMS (Centers for Medicare and Medicaid Services) innan heilbrigðisráðuneytis Bandaríkjanna.

Nánar verður farið út í þessar breytingar í næstu útgáfu Spítalaplúsins.

Þjálfun starfsfólks og stuðningur við þróun



Svava Dagný Árnadóttir
Verkefnastjóri á
Verkefnastofu

Verið er að setja af stað miðlægt verkefni til eins árs þar sem gert verður átak í kennslu og þjálfun í Heilsugátt í samvinnu við menntadeild. Markmiðið er að veita hnitmiðaða kennslu á Heilsugátt með stuðningi á staðnum, bæta nýliðþjálfun og tryggja að starfsfólk hafi þá færni sem þarf og upplifi öryggi í að nota Heilsugátt. Með nánú samstarfi munum við einnig safna gögnum sem nýtast til framtíðar innleiðingar og þróunar á Heilsugátt. Í upphafi verður gerð greining á núverandi stöðu á notkun Heilsugáttar og verður verkefnum forgangsraðað út frá þörfum hversrar deildar, sviðs eða kjarna Þið verðið vel upplýst þegar átakið kemur til ykkar. Við hlökkum til að fara í þetta átak með ykkur og gera Heilsugátt að öflugri tóli fyrir alla.

— GEDDAGURINN 9. MAÍ 2025 —

FRÁ ORÐUM TIL ATHAFNA Þróun-nýsköpun-vísindi

Þverfagleg ráðstefna geðþjónustu Landspítala

Óskað er eftir ágripum um rannsóknir eða verkefni sem fjalla um þróun, nýsköpun og vísindi í geðheilbrigðisþjónustu

Ágrip geta fjallað um rannsóknir, nýsköpunarverkefni, samstarf, öryggi, umhverfi og meðferðir í þjónustu einstaklinga með geðvanda

Ágrip verða ritrýnd og birt í fylgiriti Læknablaðsins

Skil á ágripum verða í síðasta lagi 11. apríl 2025

Frekari kröfur um uppsetningu ágripa má sjá hér:

www.landspitali.is/geddagurinn

Nánari upplýsingar veita:

Guðbjörg Sverrisdóttir, verkefnastjóri
gudbjsve@landspitali.is, sími 620 1488

Halldóra Jónsdóttir, formaður geðdagsnefndar
halldjon@landspitali.is, sími 543 4075

Skilafrestur ágripa er til 11. apríl 2025



Starfsmannafundur í Fossvogi


Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala, hélt opinn starfsmannafund í Blásölum í Fossvogi þriðjudaginn 21. janúar. Markmið fundarins var að gefa starfsfólki tækifæri til að eiga samtal við forstjóra um áskoranir og tækifæri í starfseminni.

Góðar umræður sköpuðust á fundinum og á meðal þess sem var rætt má nefna þörfina fyrir stærra húsnæði, verkaskiptingu í heilbrigðiskerfinu og tækifæri til að laða fleira heilbrigðisstarfsfólk inn á Landspítala.

Starfsmannafundir forstjóra eru

haldnir þriðja þriðjudag í mánuði á ólíkum starfseiningum og eru opnir öllu starfsfólki spítalans. Fundirnir eru auglýstir í viðburðadagatali á innri vef og á Workplace - Fréttir. Næsti fundur verður haldinn í hádeginu 18. febrúar í Baulu á Landakoti.

Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala, var á staðnum og tók meðfylgjandi myndir. Auk þess tók Ásvaldur Kristjánsson, myndatökumaður Landspítala, saman [stutt myndband frá fundinum](#).





Forstjóri Landspítala boðar til starfsmannafundar **þriðjudaginn 18. febrúar milli 12.00 og 12.30**. Fundurinn fer fram í Baulu, Landakoti.

Starfsmannafundir forstjóra eru haldnir þriðja þriðjudag í mánuði á ólíkum starfseiningum og eru opnir öllu starfsfólki spítalans. Að lokinni stuttri framsögu forstjóra er boðið upp á spurningar og athugasemdir.

Starfsmannafundir eru auglýstir í viðburðadagatali á innri vef og á Workplace - Fréttir.

Ertu með ábendingar varðandi starfsmannafundi? Hafðu samband við samskiptateymi Landspítala í gegnum netfangið samskiptateymi@landspitali.is.

Gæðahandbók Landspítala - CCQ

Undanfarið eitt og hálf ár hefur verið unnið að innleiðingu á nýju gæðahandbókarkerfi fyrir Landspítala. Kerfið heitir CCQ og er skýjalausn frá Origo. Kerfið leysir af hólmi Focal kerfið sem hefur verið notað um langt skeið og er komið til ára sinna. Í Focal voru sex gæðahandbækur sem hafa nú verið sameinaðar í eina bók. Markmiðið er að vinnsla gæðaskjala verði mun skilvirkari og yfirsýn betri.

Í lok ágúst á síðasta ári var

vinnsla gæðaskjala færð í nýja kerfið og lesaðgangur svo opnaður í lok nóvember. Innleiðingin var mjög umfangsmikil og sér nú fyrir endann á henni. Gæðahandbók Landspítala er sú langstærsta sem hefur verið innleidd í CCQ, eða um 11.500 skjöl sem voru flutt milli kerfa. Landspítali er einnig stærsti notandinn að kerfinu.

Ýmis vandamál hafa komið upp í tengslum við innleiðinguna, ekki síst er varðar gagnaflutninginn. Mjög margt

hefur þegar verið leyst en vonast er til að helstu útstandandi mál leysist með næstu útgáfu sem verður um miðjan febrúar. Gæðastjórar sviða eru lykilnotendur að gæðahandbókinni og geta aðstoðað starfsfólk við notkun kerfisins.

Seinna á árinu verða teknir í notkun nýir kerfishlutar fyrir úttektir, áhættustýringu og ábendingar. Innleiðing á ábendingakerfinu er langt komin.

Refsiábyrgð heilbrigðisstofnana



Rögnvaldur Gunnar Gunnarsson
Yfirlögfræðingur
Landspítala

Þann 1. september sl. tóku gildi ný lög um refsíábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika. Um er að ræða frumvarp sem breytti lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um réttindi sjúklinga. Í löggjöfinni kemur skýrt fram að stofnunum sem veita heilbrigðisþjónustu er skylt að skipuleggja starfsemi sína þannig að heilbrigðisstarfsmenn geti staðið við sínar lögbundnu skyldur. Þá er stofnunum gert skylt að hafa virkt innra eftirlit með starfsemi sinni og þeirri þjónustu sem þær veita.

Með umræddri lagabreytingu bættist nýtt ákvæði við lög um heilbrigðisþjónustu. Í því segir að gera má heilbrigðisstofnun sem ber ábyrgð á veitingu heilbrigðisþjónustu sekt fyrir brot gegn almennum hegningarlögum óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann, starfsmann eða annan aðila sem starfar á hans vegum.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu segir að úrlausnarefnið sé að unnt verði að koma fram refsíábyrgð á hendur heilbrigðisstofnunum fremur en einstaka heilbrigðisstarfsmanni þegar alvarleg atvik í heilbrigðisþjónustu leiða til dauðsfalls eða stórfellds líkamstjóns, enda megi rekja atvikið til margra samverkandi þátta í starfsemi stofnunarinnar. Þetta myndi þá m.a. ná yfir þau tilvik þegar ekki er unnt að sannreyna að tiltekinn starfsmaður



Ný löggjöf um refsíábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika tók gildi 1. september 2024.

eða starfsmenn stofnunar hefðu viðhaft saknæma háttsemi vegna þess hve smávægileg mistök eða yfirsjón viðkomandi starfsmanns eða starfsmanna voru í heildarsamhenginu en samt gæti verið um refsíábyrgð stofnunar að ræða. Þá segir í frumvarpinu að með þessu yrði dregið úr þrýstingi á að sækja einstaklinga til saka vegna alvarlegra atvika þótt þeir kynnu að hafa sýnt af sér einfalt gáleysi, enda væri meginorsökin önnur.

Rétt er að taka fram í þessu samhengi að lögin fela ekki í sér afnám refsíábyrgðar heilbrigðisstarfsfólks. Í almennum athugasemdum frumvarpsins er sérstaklega tekið fram að í tilvikum þar sem talið er að tiltekinn starfsmaður hafi sýnt af sér saknæma og refsiverða háttsemi er hugsanlegt að hann yrði látinn sæta ákæru ásamt hlutaðeigandi

heilbrigðisstofnun, eftir atvikum. Refsíábyrgð heilbrigðisstarfsmanns ætti þó fyrst og fremst við um mjög alvarleg tilvik sem rekja mætti til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings. Slík mál heyrta væntanlega til algjörar undantekningar. Í þessu samhengi er bent á í frumvarpinu að rannsóknir sýni að þegar alvarleg atvik verða á heilbrigðisstofnun er sjaldan einhverju einu um að kenna heldur leggst margt á eitt og orsakir eru í langflestum tilfellum ágallar í skipulagi og þannig kerfislægir þættir.

Brýnt er að læra af hverju einasta atviki þar sem ekki er lögð áhersla á að finna blóraböggul heldur gera úrbætur á kerfislægum þáttum. Með því að stofnun verði gert að sæta ábyrgð með framangreindum hætti er löggjöfinni ætlað að stuðla að því.


Betri vinnutími lækna

Með nýjum kjarasamningi Læknafélags Íslands og ríkisins hafa samningsaðilar sammælt um grundvallarbreytingar á vinnutíma og launamyndunarkerfi lækna. Helstu breytingarnar eru að frá og með 1. apríl 2025 styttest vinnuvika lækna úr 40 í 36 virkar vinnustundir og launamyndun tiltekinna þátta tekur breytingum.

Vegna umfangs breytinganna á Landspítala hafa verið stofnaðir nokkrir verkefnahópar undir umsjón stýrihóps.

Hóparnir eru farnir að vinna af krafti til að ná settu markmiði um innleiðingu nýs kjarasamnings og vinnutímaskipulags fyrir 1. apríl næst komandi.

Á innra vefsvæði spítalanum hefur verið sett upp [upplýsingasiða](#) með helstu spurningum sem upp geta komið og svörum við þeim. Áhugasömum er bent á að skoða þessa síðu. Upplýsingasiðan mun stækka og þróast eftir því sem líður á innleiðinguna og nýjar spurningar berast.



Sjö útskrifuðust úr sérfræðinámi í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði

Hátíðarathöfn vegna útskriftar úr sérfræðinámi í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum var haldin í Hringsalnum á Landspítala föstudaginn 24. janúar sl.

Útskrifaðir voru fimm hjúkrunarfræðingar og tvær ljósmæður en um er að ræða tveggja ára starfsnám á vegum menntadeildar og framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala. Markmiðið er að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fái tækifæri til að þróa sérfræðipekkingu á ákveðnu fræðasviði sem nýtist skjólstæðingum Landspítala.

Útskriftarnemarnir kynntu verkefni sín í sérfræðináminu og fengu afhentar viðurkenningar. Þeir eru:

- **Anna Harðardóttir:**
Gjörgæsluhjúkrun, börn og taugamat
- **Elsa Ruth Gylfadóttir:**
Fæðingarhjálp, notkun ómtækja í fæðingum
- **Gyða Valdís Guðmundsdóttir:**
Barnahjúkrun og hjartveik börn
- **Kristín Jóhannesdóttir:**
Gjörgæsluhjúkrun og blóðskilunarmedferð



Útskriftarnemarnir úr sérfræðinámi í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði voru leystir út með blómum og viðurkenningaskjölum eftir að lokaverkefni höfðu verið kynnt.

- **María Kristjánsdóttir:**
Hjúkrun bráðveikra heila- og taugaskurðsjúklinga
- **Steinunn H. Blöndal:** Fæðingarhjálp og eðlilegt fæðingafæri
- **Regína Böðvarsdóttir:**
Gjörgæsluhjúkrun og öndunarstuðningur

Við athöfnina fluttu ávörp þau Katrín Blöndal, kennslustjóri sérfræðináms, og Ólafur G. Skúlason, framkvæmdastjóri hjúkrunar. Þá sagði Hallfríður Kristín Jónsdóttir sérfræðiljósmóðir frá reynslu sinni af sérfræðináminu. Fundarstjóri var Hrunn Scheving Thorsteinsson, deildarstjóri menntadeildar.

Myndband frá athöfninni [má sjá hér](#).

Tilnefningar til heiðrana

Landspítali óskar eftir tilnefningum til heiðrana fyrir ársfund spítalans. Þá er starfsfólk heiðrað fyrir góð störf en markmiðið er að varpa ljósi á það fjölbreytta starf sem unnið er á Landspítala og hvernig starfsfólk leggur sig fram um að sýna umhyggju og fagmennsku í starfi og tryggja góða þjónustu við sjúklinga. Tilnefningarnar geta komið frá starfsfólki, sjúklingum, aðstandendum, stjórnendum og sjúklingasamtökum.

Heiðranirnar eru í fimm flokkum: Umhyggja, Öryggi, Fagmennska, Framþróun og Vinnustaðurinn okkar.

Tilnefningum þarf að skila með rökstuðningi og í gegnum sérstakt form [sem má nálgast hér](#).




Einfalda úrvinnslu athugasemda og ábendinga

Ný eining í gæðahandbókarkerfinu CCQ, „Ábendingar“, verður tekin í notkun á næstu dögum. Þetta kerfi, sem innanhúss kallast samskiptagátt, auðveldar alla yfirsýn og úrvinnslu athugasemda og ábendinga sem berast Landspítala frá sjúklingum og aðstandendum vegna heilbrigðisþjónustu.

Á vef Landspítala, undir ‘Erindi vegna heilbrigðisþjónustu’, verða tvö eyðublöð sem sjúklingar og aðstandendur geta fyllt út. Annars vegar eyðublað fyrir athugasemdir vegna heilbrigðisþjónustu eða framkomu starfsfólks skv. 28. gr. laga um réttindi sjúklinga og hins vegar eyðublað fyrir ábendingar, tillögur og hrós.

Erindin skila sér inn í CCQ þar sem þau eru flokkuð og send til úrvinnslu hjá stjórnanda einingar og gæðastjóra. Á lesborði CCQ geta stjórnendur séð hversu



mörg mál eru í vinnslu á þeirra einingu, hvers eðlis þau eru og hver staða þeirra er. Með þessu nýja kerfi verður með enn

skilvirkari hætti hægt að vinna úr þeim erindum sem spítalanum berast og með því bæta þjónustu hans.



Bára Bragadóttir, hjúkrunarfræðingur á vökudeild, tekur á móti styrknum frá Hinriki Bjarka, formanni nemendafélags Stapaskóla, að viðstöddum nemendum 7. bekkjar.

Gáfu vökudeild Landspítala rausnarlega peningagjöf

Nemendur í Stapaskóla afhentu fulltrúa vökudeildar Landspítala í gær 300 þúsund krónur sem söfnuðust um jólin. Nemendur og starfsfólk skólans ákváðu í desember að safna frjálsum framlögum til styrktar góðu málefni í stað þess að skiptast á gjöfum á litlu jólonum. Nemendur kusu um hvaða málefni

skyldi styrkja og varð vökudeildin fyrir valinu. Það helgaðist meðal annars af því að umsjónarkennari nemenda í 7. bekk eignaðist barn fyrr í vetur og naut þjónustu vökudeildarinnar. Landspítali þakkar nemendum og kennurum Stapaskóla kærlega fyrir gjöfina.



Breyttur opnunartími þjónustuvers Landspítala

Opnunartími þjónustuvers Landspítala breytist frá og með mánudeginum 3. febrúar. Þjónustuverið verður opið kl. 7:30-21:00 alla virka daga og kl. 9:00-21:00 um helgar. Utan þess tíma svara öryggisverðir bráðum símtölum.

Starfsmenn Landspítala hafa aðgang að upplýsingum um símanúmer deilda og vakthafandi [hér](#) og í Heilsugátt.

Ráðgjafasími verður áfram opin allan sólarhringinn fyrir heilbrigðisstarfsmenn á öðrum stofnunum en símtöl verða ekki kynnt til vakthafandi utan opnunartíma þjónustuvers.



Þakklæti við starfslok

Áramótum fylgja jafnan breytingar og á það einmitt við það góða starfsfólk sem lét af störfum í lok ársins 2024.

Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa helgað Landspítala starfskrafta sína vænan skerf af starfsævinni.

Þau Anna Rós Jóhannesdóttir, Auður Kristjánsdóttir, Guðrún Valdimarsdóttir Grashoff, Lilja Magnúsdóttir og Margrét Stefánsdóttir störfuðu til að mynda öll á spítalanum í yfir 20 ár.

Landspítali þakkar þessum einstaklingum góð störf og óskar þeim velfarnaðar í þeim lífsins verkefnum sem framundan eru.



Anna Rós Jóhannesdóttir
Félagsráðgjafi, félagsráðgjöf



Auður Kristjánsdóttir
Skrifstofumaður í Blóðbankanum



Guðrún Valdimarsdóttir Grashoff
Sjúkraliði á lyflækningadeild



Halldór Leifsson
Sérhæfur starfsmaður á útskriftardeild aldraðra



Lilja Magnúsdóttir
Sérhæfur starfsmaður á bráðalyflækningadeild



Margrét Stefánsdóttir
Skrifstofumaður á taugalækningadeild




Rósa Friðriksdóttir
Hjúkrunarfræðingur á göngudeild geð- og fíknisjúkdóma



Sólveig Guðlaugsdóttir
Skrifstofumaður á sjúkrahótel Landspítala



Svanhildur Línberg Skúladóttir
Lífeindafræðingur á hjartarannsóknarstofu



LANDSPÍTALI